

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/51/EB**frá 7. nóvember 1994****um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 90/219/EBE um einangraða notkun erfðabreyttra örvera(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera ⁽¹⁾, einkum 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilskipun 90/219/EBE er kveðið á um að flokka skuli erfðabreyttar örverur í tvo flokka með hliðsjón af þeirri áhættu sem þeim fylgir. Í II. viðauka téðrar tilskipunar er gerð grein fyrir viðmiðunum sem fylgja skal við slíka flokkun.

Rétt er að endurskoða flokkun erfðabreyttra örvera með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af einangraðri notkun erfðabreyttra örvera og með hliðsjón af almennum tækniframförum á sviði líftækni og á grundvelli núgildandi áhættumats.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 21. gr. tilskipunar 90/219/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Viðaukinn við þessa tilskipun komi í stað II. viðauka við tilskipun 90/219/EBE.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 30. apríl 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún *birtist Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 7. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 297, 18. 11. 1994, bls. 29, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/97 frá 24. mars 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 117, 8. 5. 1990, bls. 1.

VIÐAUKI**„II. VIÐAUKI****VIÐMIÐANIR VIÐ FLOKKUN Á ERFÐABREYTTUM ÖRVERUM Í I. FLOKK**

Flokka skal erfðabreytta örveru í I. flokk ef öllum eftirfarandi viðmiðunum er fullnægt:

- i) ólíklegt er að örveruarfþeginn eða örveruargjafinn valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum;
- ii) eðli genaferjunnar og innskotsins er slíkt að þau gæða ekki erfðabreyttu örveruna svipgerð sem líklegt er að valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum eða hafi skaðleg áhrif á umhverfið;
- iii) ólíklegt er að erfðabreytta örveran valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum eða hafi skaðleg áhrif á umhverfið.“